

Fundargerð stjórnar BÍS 03/2012.

miðvikudaginn 1. febrúar 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Arnason, formaður upplýsingaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi:

Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð stjórnar BÍS 02/2012: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit mótsstjórnar: Lá frammi.
4. Rekstraráætlun BÍS: Áætlun samþykkt með fyrirvara um að skoða áherslur alþjóða- og fræðslumála betur síðar.
5. Félagsforingjafundur: Almenn ánægja með þátttöku félagsforingja í deginum. Mikill samhugur í fólki og jákvætt andrúmsloft. Uppskeruhátíðin gekk sömuleiðis vel. HS falið að gera óformlega könnun á deginum og hringja í þá félagsforingja sem ekki mættu. Sátt um fyrirkomulag félagsforingjafunda, fundir í Reykjavík í janúar og fundir í ágúst séu dreifðir um landið.
6. Úlfljótsvatn: Málefni Úlfljótsvatns rædd.
7. Fundur með SSR: HS falið að óska eftir fundi stjórnar BÍS með stjórn SSR. Tillögur að fundarefni. 1) Kaup á jörðinni Úlfljótsvatn, 2) Rekstur Útílfsmiðstöðvar skáta á Úlfljótsvatni, 3) Sameiginlegur rekstur skátamiðstöðvarinnar og 4) Starfið í Reykjavík.
8. Innleiðing nýs starfsgrunns:
 - a. Útgáfa: Könnuðamerkin verða tilbúin fljótlega.
 - b. Svæðisforingjar: Boðaður hefur verið fundur með innleiðingaforingjum og svæðisforingjum í Skátamiðstöðinni 8. febrúar þar sem gefst tækifæri að fara yfir helstu málefni innleiðingarinnar.
 - c. Innleiðingarnámskeið: Athugasemd kom við endurmat innleiðingarnámskeiða og HS falið að kippa því í liðinn.
9. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók.
10. St. Georgsgildin: Fundarboð um vinnudag hjá Landsgildinu lagt fram. Óskað er eftir því tveir fulltrúar úr stjórn BÍS taki þátt í vinnudeginum. Samþykkt var að ÓP og HGH tækju þátt.
11. Skátaping: Þingið verður haldið í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur í umsjá Skátasambands Reykjavíkur sem einnig annast kvölddagskrána á laugardagskvöldinu. Nánari útfærslu á dagskrá vísað HGH og verða tillögur kynntar á næsta stjórnarfundi.
12. Mótsstjóri World Scout Moot 2017: Umræðu frestað til næsta fundar.
13. Fararstjóri World Scout Moot 2013: Samþykkt að fela alþjóðaráði að auglýsa eftir fararstjóra.
14. Þjóðþrif: Umræðu frestað
15. Fjárafllana- og innkaupastjóri landsmóts: Umræðu frestað.
16. Önnur mál:

- a. Samstarfsráð um forvarnir: Erindi lá fyrir um að BÍS væri stofnaðili að þessum samtökum. Stjórn BÍS samþykkir að fylgja ákvörðun Æskulýðsvettvangsins og mælist til að inngöngu í þessi samtök verði hafnað.
- b. Norræna skátaráðstefnan: Á næstu dögum þarf að fara skrá þátttakendur á þingið sem haldið verður 17 – 20 maí.
- c. Bréf frá Skátafélaginu Mosverjum: Boðsbréf vegna afmælis félagsins þann 22. febrúar lagt fram.
- d. Boð frá félagsforingja Skátafélagsins Klakks: Boð vegna þátttöku í afmæli félagsins þann 20. febrúar var kynnt.
- e. Hátíðarstjórnarfundur: Haldinn verður hátíðarfundur stjórnar BÍS, með gestum, miðvikudaginn 22. febrúar kl. 16. Fundurinn markar upphaf hátíðarhalda í tilefni 100 ára afmælis skátastarfs á Íslandi
- f. Afmæli Ólafs Proppé: Skátahöfðingi óskaði ÓP til hamingju með 70 ára afmælið þann 9. janúar sl. og færði honum gjöf frá stjórn.

Fleira ekki rætt
Fundu slitið kl. 20:10
Fundargerð ritaði HS